


# SKRÁNINGARLÝSING

verðtryggð skuldabréf Kaupþings banka hf.  
1. flokkur 2006



KB BANKI

## YFIRLÝSINGAR

### YFIRLÝSING ÚTGEFANDA

Stjórn Kaupþing banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, lýsir því yfir að upplýsingar í skráningarlýsingu 1. flokks skuldabréfa Kaupþings banka hf. fyrir árið 2006 séu eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif geti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 6 gr. viðauka IV við reglugerð nr.434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll, sbr. Ákvæði til bráðabirgða í reglugerð 242/2006.

Reykjavík, 23. júní 2006  
f.h. Kaupþings banka hf.

---

Ingólfur Helgason  
Forstjóri  
Kt. 041067-5279

### YFIRLÝSING UMSJÓNARAÐILA

Kaupþing Banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, lýsir því yfir að við gerð skráningarlýsingarinnar 1. flokks skuldabréfa Kaupþing Banka hf. fyrir árið 2006 var aflað þeirra gagna sem að mati Kaupþing banka hf. voru nauðsynleg til þess að gefa rétta mynd af Kaupþingi banka hf. og verðbréfum hans og að mati Kaupþings banka hf. var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 6 gr. viðauka IV við reglugerð nr.434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll, sbr. ákvæði til bráðabirgða í reglugerð 242/2006.

Reykjavík, 23. júní 2006  
f.h. Kaupþing banka hf.

---

Ingvar Vilhjálmsson  
Framkvæmdastjóri Markaðsviðskipta  
Kt. 160173-3949

---

Baldur Þór Vilhjálmsson  
Markaðsviðskipti  
Kt. 250476-2999

## Almennar upplýsingar um verðtryggð skuldabréf Kaupþings banka hf., 1. flokkur 2006.

### Útgefandi

Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sími 444-6000, bréfsími 444-6009. Vefsvæði [www.kbbanki.is](http://www.kbbanki.is).

### Samþykki skuldabréfaútgáfu

Stjórn Kaupþings banka hf. samþykkti skuldabréfaútgáfu þessa á fundi þann 24. maí 2006. Samþykkt er að gefa út skuldabréf fyrir allt að 10.000.000.000,- kr. að nafnverði. Flokkurinn er opinn. Fjárfestum er bent á að stjórn útgefanda getur veitt heimild til frekari stækkunar á skuldabréfaflokknum í framtíðinni, ef núverandi heimild frá 24. maí 2006 verður fullnýtt. Flokkurinn er ekki sölutryggður.

### Starfsemi

Tilgangur Kaupþings Banka hf., skv. 3. gr. samþykktu félagsins, er að stunda starfsemi sem lánastofnunum er heimil lögum samkvæmt.

Kaupþing Banki hf. er heimilt að veita lán í eigin nafni og afla í því sambandi fjár með útgáfu og sölu skuldabréfa og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Félaginu er einnig heimilt að veita þjónustu sem er í eðlilegum tengslum við útlánastarfsemi.

Þá skal félagið annast verðbréfamiðlun og bjóða fram sérfræði-, rannsóknar- og upplýsingaþjónustu í tengslum við slík viðskipti, annast útboð verðbréfa, veita sölutryggingu á verðbréfum, gerast viðskiptavaki, annast fjárvörslu fyrir einstaklinga og lögaðila og tengda fjármálaþjónustu, annast umsjá og vörslu verðbréfa, verðbréfasjóða og eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning og sinna annarri starfsemi sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hafa með höndum sem og þeirri starfsemi annarri sem lánastofnunum er heimil, eftir því sem nánar verður ákveðið.

### Umsjón með skráningu

Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

### Nafnverð, lánstími flokks og sölutrygging.

Skuldabréfaflokkurinn er opinn og getur stærð hans orðið allt að 10.000.000.000,- kr. Fjárfestum er bent á að stjórn útgefanda getur veitt heimild til frekari stækkunar á skuldabréfaflokknum í framtíðinni, ef núverandi heimild frá 24. maí 2006 verður fullnýtt.

Útgáfudagur bréfanna var 2. júní 2006. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með 5 jöfnum afborgunum þann 2. júní ár hvert, frá 2.6.2007 til 2.6.2011. Nú þegar hafa verið útgefin og seld skuldabréf samtals að nafnverði 1.000.000.000,-.

### Nafnvextir og verðtrygging

Skuldabréfin í 1. flokki 2006 er með jöfnum afborgunum og bera þau 5,1% ársvexti sem greiddir eru árlega þann 2. júní ár hvert, fyrst 2. júní 2007 og síðast 2. júní 2011. Bréfin bera vexti frá útgáfudegi.

Útgáfudagur bréfanna var 2. júní 2006. Vextir reiknast af uppreiknuðum höfuðstól á hverjum gjalddaga. Skuldabréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysluverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands skv. lögum nr. 12/1995, með grunnvísitölu í maí 2006, 258,9. Engin hlunnindi fylgja bréfunum.

### Uppgreiðsluheimild

Engin uppgreiðsluheimild er fyrir hendi.

### Einingar skuldabréfanna

Bréfin eru gefin út rafrænt skráð í 10.000.000,- kr einingum. Útgefin og seld bréf eru 100. Lágmarksviðskiptaeining í Kauphöll Íslands hf. er 10.000.000,- kr.

### **Ávöxtunarkrafa og sölugengi**

Útgáfudagur bréfanna var 2. júní 2006. Ávöxtunarkrafan á fyrsta söludegi var 5,1% og sölugengi 1,000044. Ávöxtunarkrafa og sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu og gengi skuldabréfanna hverju sinni er hægt að fá hjá Kaupþingi banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

### **Viðskiptavakt**

Kaupþing banki hf. lýsir sig viðskiptavaka í ofangreindum flokki til þriggja ára. Viðskiptavakt verður endurskoðuð að þeim tíma liðnum. Kaupþing banki hf. skuldbindur sig til að setja fram daglega kaup- og sölutilboð í Kauphöll Íslands að lágmarki 100.000.000,-. Leitast verður eftir að munur á kaup- og sölugengi verður ekki meiri en 0,50% af markaðsvirði. Kaupþing banki hf. mun endurnýja tilboð sín innan 10 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið. Hafi viðskipti á einum degi náð 200.000.000,- áskilur viðskiptavaki sér rétt til að hætta framsetningu tilboða til næsta dags.

### **Skráning**

Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka 1. flokk 2006 skuldabréfa Kaupþings banka hf. á skrá og verða þegar útgefin og seld bréf að upphæð kr. 1.000.000.000,- að nafnverði skráð þann 28. júní 2006 enda verði öll skilyrði skráningar uppfyllt. Um skráningu á frekari sölu í skuldabréfaflokknum verður tilkynnt í fréttakerfi Kauphallar Íslands hverju sinni. Auðkenni bréfanna er KAUP 06 1. ISIN-númer bréfanna er IS0000013035.

### **Kostnaður**

Kaupþing banki hf. greiðir allan kostnað við útgáfuna, svo sem gjöld til Verðbréfaskráningar Íslands hf. og Kauphallar Íslands hf. Kostnaður er áætlaður um 10 milljónir kr. af söluverðmæti þegar seldra skuldabréfa að upphæð 1.000.000.000,- kr. Skuldabréfin eru ekki stimpilskyld.

### **Heildarfjárhæð sem aflast með útboðinu**

990 milljónir króna vegna þegar seldra skuldabréfa.

### **Tilgangur sölnunnar**

Að afla fjár til starfsemi Kaupþings banka hf.

### **Fyrirkomulag sölu og sölutímabil**

Skuldabréfin voru seld í lokuðu útboði frá 2. júní 2006 til 10. júní 2006. Sala og afhending fór fram gegn staðgreiðslu. Um frekari sölu hefur ekki verið tekið ákvörðun.

### **Umsjón með skráningu og sölu**

Kaupþing Banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

### **Greiðslustaður**

Kaupþing banki hf. mun, fyrir milligöngu Verðbréfaskráningar Íslands hf., greiða af skuldabréfunum, þ.e. höfuðstól, verðbætur og vexti á gjalddaga, til þeirrar reikningsstofnanna þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á reikninga eigenda.

### **Tryggingar**

Kaupþing banki hf. ábyrgist endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna. Skuldabréfin eru ekki víkjandi.

### **Fyrningarákvæði**

Kröfur samkvæmt skuldabréfum þessum fynast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjalddaga, skv. 4 gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vaxtakröfur fynast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga.

### **Viðtökudráttur og vanskil**

Verði greiðslu vitjað eftir gjalddaga mun kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir, dráttarvextir né verðbætur frá gjalddaga til greiðsludags. Verði um vanskil skuldara að ræða falla dráttarvextir á kröfuna frá framvísunardegi til greiðsludags, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, samnber 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Standi skuldari ekki í skilum með greiðslur afborgana eða vaxta af skuldinni er skuldin í gjalddaga fallin án uppsagnar og má þá gera aðför til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar.

### **Framsal og eignaréttur**

Gagnvart bankanum skoðast yfirlit Verðbréfaskráningar um eigendur skuldabréfanna sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi verðbréfa.

Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og er reikningsstofnunum eins og þær eru skilgreindar skv. lögum nr. 131/1997, um rafæna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignaskráning rafbréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali skuldabréfa þessara.

Til að fá aðgang að rafrænum bréfum sínum hjá Verðbréfaskráningu þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu og fela reikningsstofnuninni umsjón með verðbréfaeign sinni. Á vörslureikningi er haldið utan um verðbréfaeign, viðskipti og greiðslur til eigenda.

Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.

### **Skattamál**

Skattaleg meðferð á skuldabréfunum fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt lögum nr. 129/2004, um breytingu á lögum nr. 90/2003, teljast skuldabréfin ekki til eignaskattsstofns hjá einstaklingum og lögaðilum.

Kauppingi banka hf. ber skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð, skv. 3 gr. laga nr.94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nema að eigandi bréfanna hafi falið öðrum banka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki innheimtu þeirra.

Skuldabréfin eru undanþegnin stimpilgjöldum skv. 115. gr. Laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

### **Meðferð ágreinings**

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### **Upplýsingar og gögn**

Skráningarlýsing og önnur gögn um Kaupping banka hf. sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá Kaupping Banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.